

FOSSAR FJÁRFESTINGARBANKI HF.

VIÐSKIPTASKILMÁLAR FJÁRFESTINGARÞJÓNUSTU

1. Um Fossa fjárfestingarbanka hf., viðskiptaskilmálanna, gildissvið þeirra og tilgang

- 1.1. Aðsetur Fossa fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, (hér eftir „Fossar“) er að Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík og er símanúmer Fossa 522 4000 og netfang info@fossar.is. Fossar hafa starfsleyfi sem lánafyrirtæki, sem veitt er af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og sætir eftirliti þess samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Almennar upplýsingar um Fossa má nálgast á heimasíðu félagsins www.fossar.is. Fossar eru aðili að Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, sbr. 3. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999, en sjóðurinn tryggir innstæður, fjármálagerninga og reiðufé með ákveðnum undantekningum. Nánari upplýsingar um sjóðinn og útgreiðslureglur hans má nálgast á vefslóðinni <http://www.tif.is>.
- 1.2. Viðskiptaskilmálar þessir gilda um þá fjárfestingarþjónustu sem Fossar samþykkja að veita viðskiptavinum. Til fjárfestingarþjónustu telst m.a. móttaka og miðlun fyrir mæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavinar, eignastýring, fjárfestingarráðgjöf, varsla og stjórnun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til viðskiptavinar þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef Fossar koma að viðskiptunum sem lánveitandi, gjalddeyrisþjónusta sem liður í fjárfestingarþjónustu og þjónusta í tengslum við undirliggjandi eignir afleiðusamninga, sbr. 15. og 66. tölul. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.
- 1.3. Viðskiptaskilmálar þessir taka gildi 25. maí 2022. Viðskiptaskilmálum þessum er m.a. ætlað að lýsa því sambandi sem er á milli Fossa og viðskiptavinar vegna fjárfestingarþjónustu, hvernig samningar og boðskipti fara fram, hvaða kröfur Fossar setja um tryggingar fyrir viðskiptum og við hvaða aðstæður Fossum er heimilt að loka samningum og gjaldfella lán. Fossar áskilja sér rétt til að einhliða fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert skal það tilkynnt á heimasíðu Fossa og skulu uppfærðir skilmálar birtir þar. Breytingar taka gildi á þeim degi sem tilgreint er í tilkynningunni.
- 1.4. Skilmálunum er einnig ætlað að undirstrika að viðskiptavinur hafi gert sér grein fyrir eðli þeirra fjárfestingarþjónustu sem fellur undir skilmálana og þeirri áhættu sem þeim fylgir. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér gildandi lög og reglur á hverjum tíma og afla sér ráðgjafar eftir þörfum, þ. á m. utanaðkomandi sérfræðiráðgjafar telji viðskiptavinur þörf á því.
- 1.5. Fossar hafa sett sér reglur um fjárfestavernd og viðskiptahætti sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Á heimasíðunni má einnig finna aðrar verklagsreglur og stefnur varðandi fjárfestingarþjónustu, s.s. um hagsmunaárekstra og bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

- 1.6. Vilji viðskiptavinur kvarta undan þjónustu Fossa getur hann beint kvörtun til félagsins, en nánari upplýsingar um meðferð kvartana er að finna í verklagsreglum félagsins um meðferð kvartana og ábendinga sem finna má heimasíðu Fossa.
- 1.7. Með staðfestingu sinni á sérstakt samþykkisform samþykkir viðskiptavinur skilmála þessa og skuldbindur sig til að lúta þeim við móttöku fjárfestingarþjónustu Fossa. Sé viðskiptavinur lögaðili skal þar til gert samþykkisform undirritað af prókúruhafa eða í samræmi við firmaritun viðskiptavinar eftir því hver er atvinnustarfsemi viðskiptavinar og reglur viðskiptavinar um heimild til að skuldbinda hann. Með framangreindri undirritun staðfestir viðkomandi aðili að hann hafi fullt umboð til að skuldbinda viðskiptavin á grundvelli skilmála þessara og samninga gerðra á grundvelli þeirra.
- 1.8. Sé ósamræmi milli samningsskilmála þessara og samnings sem gerður er sérstaklega á grundvelli þeirra, skulu ákvæði þess samnings ganga fram, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Samningsskilmálar þessir eru staðlaðir og er almennt ekki vikið frá þeim vegna einstakra viðskiptavina. Hvers konar áritanir, útstrikunir, viðbætur eða aðrar breytingar, sem viðskiptavinur kann að gera einhliða á skilmálunum, hafa ekkert gildi gagnvart Fossum.

2. Áður en þjónusta er veitt

Almennt:

- 2.1. Viðskiptavinur skal hvenær sem Fossar óska þess, afhenda Fossum hverjar þær upplýsingar sem félagið telur nauðsynlegt að afla. Veiti viðskiptavinur ekki umbeðnar upplýsingar, eða þær eru ófullkomnar eða óljósar, áskilja Fossar sér rétt til að veita ekki umbeðna þjónustu. Viðskiptavinur skal uppfæra framangreindar upplýsingar sem hann veitir Fossum, eftir því sem tilefni gefst til.
- 2.2. Fossar geta krafist þess að viðskiptavinur undirriti og samþykki aðra sértæka skilmála eða samninga áður en tiltekin þjónusta er veitt á grundvelli þessara skilmála eða annarrar þjónustu sem fellur ekki undir skilmála þessa. Fossar munu til að mynda ekki veita fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringu nema fyrir liggja sérstakur samningur um þá þjónustu. Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og ákvæða sértækra skilmála eða samnings sem gerður er á grundvelli þeirra, skulu ákvæði sértæku skilmálanna eða samningsins gilda.

Heimild til að binda viðskiptavin:

- 2.3. Áður en til viðskiptasambands er stofnað og þjónusta veitt skal viðskiptavinur, í tilviki lögaðila, senda Fossum lista yfir þá einstaklinga sem heimild hafa til að gefa Fossum viðskiptafyrirmæli og á hvaða grundvelli þeir hafa það. Viðeigandi umboð skulu send Fossum og skal viðskiptavinur tryggja að viðskiptafyrirmæli séu einungis gefin af einstaklingum sem hafa fullnægjandi heimild til þess að skuldbinda lögaðilann, hvort heldur sem prókúruhafar eða samkvæmt sérstöku umboði. Viðskiptavinur lýsir því yfir að Fossar hafi fulla heimild til þess að eiga viðskipti samkvæmt fyrirmælum frá prókúruhafa eða umboðsmanni viðskiptavinar og gera ráðstafanir í samræmi við slík fyrirmæli, allt þar til Fossar hafa fengið skrifleg fyrirmæli frá viðskiptavini um að prókúruumboð eða umboð umboðsmanns hafi verið afturkallað eða því verið breytt.
- 2.4. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að tilkynna Fossum án tafar ef breytingar verða á útgefnu umboði sem afhent hefur verið Fossum. Enn fremur skuldbindur viðskiptavinur sig, sé hann lögaðili, til að tilkynna Fossum þegar í stað ef breytt er um firmaritun, framkvæmdastjórn og/eða prókúruhafa, ef tilgangi lögaðila er breytt sem og ef einhverjar breytingar verða á starfsemi lögaðila sem geta haft áhrif á samninga milli aðila.

Flokkun viðskiptavina:

- 2.5. Samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga og innri reglum Fossa ber Fossum skylda til að flokka viðskiptavini sína í tiltekna flokka út frá reynslu þeirra, eðli og fjárhagslegum styrkleika við upphaf viðskiptasambands. Viðskiptavinir verða flokkaðir í almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila.
- 2.6. Viðskiptavinur samþykkir að Fossar byggji að meginstefnu til mat sitt á viðskiptavini á eðli viðskiptavinar og/eða þeim þeim upplýsingum sem viðskiptavinur útvegar og að Fossar muni ekki framkvæma sjálfstæða rannsókn á högum viðskiptavinar umfram það sem fram kemur í þeim gögnum sem viðskiptavinur hefur skilað. Fossar tilkynna viðskiptavini um flokkun, rétt til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna Fossum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta.
- 2.7. Viðskiptavini er einnig ljóst að Fossar geta hugsanlega ekki veitt honum umbeðna fjárfestingarþjónustu ef viðskiptavinur veitir ekki réttar eða fullnægjandi upplýsingar.
- 2.8. Í hvert sinn sem fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili gefur Fossum fyrirmæli, geta Fossar treyst á að hann skoði sjálfur og meti á faglegan hátt alla áhættu sem tengist framkvæmd fyrirmælanna og tengdra viðskipta sem eiga sér stað í kjölfarið. Í viðskiptum við viðurkennda gagnaðila er Fossum ekki skylt að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 33-41. gr., 44-46. gr., 48. gr. og 1.-2. mgr. 49. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

Áhætta:

- 2.9. Viðskiptavini er ljóst að fjárfesting og viðskipti með fjármálagerninga eru áhættusöm í eðli sínu. Viðskiptavini er bent á að varhugavert er að skuldbinda sig með samningi eða eiga viðskipti án þess að hafa fullan skilning á eðli og umfangi áhættunnar sem í því felst. Viðskiptavini er ráðlagt að miða fyrirhugaða fjárfestingu út frá þekkingu og reynslu sinni í tengslum við fjármálagerninga, fjárhagsstöðu sína og fjárfestingamarkmið.
- 2.10. Með samþykki skilmála þessara lýsir viðskiptavinur því yfir að hann hafi, með fullnægjandi hætti, kynnt sér þá áhættu sem fylgir þeirri fjárfestingarþjónustu sem hann óskar eftir að Fossar framkvæmi fyrir sig og/eða fyrir sína hönd og gera Fossar ráð fyrir því að viðskiptavinur kynni sér áhættu og eðli þeirra fjármálagerninga sem um ræðir áður en stofnað er til viðskipta.
- 2.11. Yfirlit yfir áhættu sem fylgir þeirri fjárfestingarþjónustu og fjármálagerningum sem viðskiptavinur Fossa stendur til boða er að finna á heimasíðu Fossa. Viðskiptavinur getur jafnframt óskað eftir að fá yfirlitið sent til sín með bréfpósti.

Kostnaður og þóknanir:

- 2.12. Viðskiptavinur skal greiða þóknanir samkvæmt gjaldskrá Fossa eins og hún er á hverjum tíma og/eða eins og sérstaklega er um samið milli aðila. Gjaldskrána má nálgast á heimasíðu Fossa. Upplýsingar um öll gjöld og þóknanir Fossa vegna þeirrar þjónustu sem í boði er má finna í kostnaðarhandbók Fossa sem birt er á heimasíðu Fossa. Viðskiptavinur staðfestir að hann hefur kynnt sér gjaldskrá Fossa og kostnaðarhandbókina áður en hann óskar eftir þjónustu Fossa.

3. Framkvæmd fjárfestingarþjónustu

Almennt:

- 3.1. Fossar geta veitt viðskiptavinum þá þjónustu sem starfsleyfi félagsins heimilur hverju sinni.
- 3.2. Viðskiptafyrirmæli skulu hafa að geyma þær upplýsingar sem þarf til að Fossum sé mögulegt að framkvæma þau. Fyrirmæli viðskiptavinar skulu vera skýr og auðskiljanleg. Fyrirmælin skulu innihalda fullnægjandi upplýsingar, s.s. um viðskiptavin, LEI-auðkenni viðskiptavinar ef um lögaðila er að ræða, númer vörslureiknings og nákvæmar upplýsingar um fyrirhuguð viðskipti eða umbeðna þjónustu, s.s. magn og kaup- eða söluverð. Fossar áskilja sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum frá viðskiptavinum áður en fyrirmæli eru framkvæmd. Séu frekari upplýsingar ekki veittar án tafar áskilja Fossar rétt til að grípa til hvers konar aðgerða á kostnað viðskiptavinar sem félagið telur nauðsynlegar.
- 3.3. Fossum er óheimilt að móttaka og miðla eða framkvæma fyrirmæli ef viðskiptavinur, sem er lögaðili, hefur ekki fengið útgefið LEI auðkenni (e. Legal Entity Identifier) eða hefur ekki gefið upp LEI auðkenni sitt. Viðskiptavinur skal tilkynna Fossum um LEI auðkenni sitt við upphaf viðskiptasambands og einnig um allar breytingar tengdar LEI auðkenni sínu. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að LEI auðkenni hans sé í gildi. Fossum er jafnframt óheimilt að móttaka og miðla eða framkvæma tiltekin viðskipti án þess að viðskiptavinur gefi upp einstaklingsauðkenni, sem ræðst af ríkisfangi einstaklings.
- 3.4. Viðskiptafyrirmæli geta borist hvort heldur sem er skriflega eða munnlega. Viðskiptavinur er heimilt að senda viðskiptafyrirmæli til Fossa með tölvupósti, í gegnum hljóðritaðan borðsíma eða í gegnum samskiptaforrit, t.a.m. á borð við Teams. Fossar geta ekki tekið á móti viðskiptabeidnum í gegnum síma sem ekki er hljóðritaður. Skrifleg beiðni um viðskipti telst móttækin þegar hún er lesin af starfsmanni Fossa. Beiðni um viðskipti er skuldbindandi fyrir viðskiptavin frá þeim tíma sem hún er móttækin af Fossum nema um annað sé sérstaklega samið.
- 3.5. Þegar Fossar taka við viðskiptafyrirmælum frá viðskiptavinum, eða þeim er komið á framfæri fyrir hönd viðskiptavinar, eða þegar viðskipti fara fram munu Fossar annast viðskiptin í samræmi við verklagsreglur félagsins um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og í samræmi við flokkun viðskiptavinar. Verklagsreglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og ákvæði skilmála þessara þar um eiga þó ekki við um þau viðskipti viðskiptavina sem flokkaðir eru sem viðurkenndir gagnaðilar nema þeir hafi sérstaklega óskað eftir því. Viðskiptavinur er frjálst að mæla sérstaklega fyrir um tiltekna framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Fossum ber þá að leitast við að veita þjónustu í samræmi við þau fyrirmæli viðskiptavinar.
- 3.6. Fossar munu framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar í samræmi við stefnu sína um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem gilda fyrir viðskipti almennra fjárfesta og fagfjárfesta. Vakin skal athygli á því að stefna Fossa gerir ráð fyrir að fyrirmæli geti verið framkvæmd utan viðskiptavettvangs. Með samþykki skilmála þessara samþykkir viðskiptavinur sérstaklega að Fossum sé heimilt að framkvæma fyrirmæli utan viðskiptavettvangs og lýsir því yfir að hafa kynnt sér stefnu Fossa um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og samþykkir stefnuna í heild.
- 3.7. Þær aðstæður geta skapast að hagsmunir Fossa eða starfsfólks félagsins stangast á við hagsmuni viðskiptavinar eða hagsmunir viðskiptavinar eru ósamrýmanlegir hagsmunum annarra viðskiptavina Fossa. Fossar hafa sett sér reglur um hagsmunaárekstra til að greina, koma í veg fyrir og takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu. Reglur Fossa um hagsmunaárekstra er aðgengileg á heimasíðu Fossa.
- 3.8. Fossar skulu senda viðskiptavinum viðskiptanótu um sérhver viðskipti með fjármálagerninga sem Fossar framkvæma fyrir viðskiptavin á grundvelli þessara samningsskilmála eins fljótt sem auðið er eftir framkvæmd viðskiptanna. Þá staðfesta Fossar samninga einhliða með tilkynningu á varanlegum miðli, nema viðskiptavinur óski sérstaklega eftir að fá staðfestingu senda með

bréfpósti.

- 3.9. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að samþykkja samninga, viðskiptanótur, staðfestingar eða yfirlit við Fossa innan tveggja daga frá dagsetningu þeirra með undirritun sinni eða með samþykki á varanlegum miðli. Ef viðskiptavinur gerir ekki athugasemd við efni skjalanna innan tveggja daga er Fossum heimilt að líta þannig á að samningar, viðskiptanótur, staðfestingar eða yfirlit hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða og þau samþykkt af hálfu viðskiptavinar. Ef viðskiptavinur gerir athugasemd, skal beiðni hans, þ.m.t. upptaka í síma, samskipti í gegnum Teams eða tölvupóstur gilda sem sönnun fyrir skilmálum viðskipta. Í samræmi við ákvæði laga og reglna geta Fossar samþykkt aðra framkvæmd á staðfestingum og tilkynningum í tilviki viðurkenndra gagnaðila.
- 3.10. Viðskiptavinur á ekki einhliða kröfu gagnvart Fossum um að einstök fjárfestingarþjónusta sé framkvæmd á grundvelli skilmála þessara. Samþykki starfsmanna Fossa þarf fyrir framkvæmd allra viðskipta og geta Fossar einhliða fallist á eða hafnað beiðni um viðskipti, m.a. ef fyriræli viðskiptavinar eru torskilin, óljós eða þau fara gegn lögum að mati Fossa. Þá er Fossum jafnframt heimilt að takmarka fjölda og fjárhæð þeirra viðskipta sem félagið samþykkir að annast. Viðskiptavini er þannig ljóst og staðfestir með samþykki sínu að Fossum er heimilt að neita um einstök viðskipti og að efni einstakra viðskipta og samninga, þ.m.t. skuldsetning viðskiptavinar ef við á, getur verið mismunandi eftir félögum, mörkuðum og markaðsaðstæðum. Í því felst einnig að Fossum er ávallt einhliða heimilt að hafna beiðni viðskiptavinar um gerð nýs eða endurnýjun samnings án frekari skýringa.
- 3.11. Fossar hafa ennfremur einhliða heimild til að krefjast allra þeirra gagna, upplýsinga eða trygginga sem Fossar telja fullnægjandi fyrir viðskiptum. Fossar hafa og einhliða heimild til að meta hvort framlögð gögn, upplýsingar og/eða tryggingar teljast fullnægjandi.

Fjárfestingarráðgjöf:

- 3.12. Fossar veita viðskiptavinum sínum ekki persónulega fjárfestingarráðgjöf nema sérstaklega sé óskað eftir því. Almennar upplýsingar um uppgjör, fréttir, markaðsaðstæður og gengisþróun hverju sinni telst hvorki vera persónuleg ráðgjöf til viðskiptavina né opinber fjárfestingarráðgjöf nema það sé sérstaklega tekið fram. Fossar ábyrgjast ekki að almennar upplýsingar sem Fossar veita séu til hagsbóta fyrir viðskiptavin.

Kaup viðskiptavina á fjármálagerningum:

- 3.13. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að eiga, á uppgjorsdegi, innstæðu á skuldfærslureikningi sínum hjá Fossum, eða þeim reikningi sem hann vísar til, sem nemur kaupverði fjármálagerninga auk kostnaðar og hvers konar skatta. Fossum er heimilt að kanna hvort viðskiptavinur hafi næga innstæðu á reikningi sínum til lúkningar viðskiptum eða að vörslureikningur hafi að geyma fjármálagerning sem þá skal tekinn til hliðar til lúkningar viðskiptum.
- 3.14. Greiðsla telst hafa borist Fossum þegar hún verður aðgengileg félaginu á bankareikningi þess. Fari uppgjör ekki fram á uppgjorsdegi vegna ófullnægjandi innstæðu á skuldfærslureikningi er um verulega vanefnd að ræða og er Fossum þá m.a. heimilt að ráðstafa keyptum fjármálagerningi eða öðrum þeim fjármálagerningum sem viðskiptavinur varslar hjá Fossum upp í skuldina á viðeigandi markaðskjörum, Fossum að kostnaðarlausu. Viðskiptavinur ábyrgist að greiða þann mismun sem út af stendur og allan kostnað Fossa af sölunni og vanefndunum.
- 3.15. Yfirfærsla réttinda yfir fjármálagerningi til viðskiptavinar skal framkvæmd og skráð af Fossum í

samræmi við eðli fjármálagernings og í samræmi við ákvæði gildandi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga nema lög, reglur, eðli fjármálagernings eða sérstakur skriflegur samningur kveði á um annað. Fossar koma í slíkum tilvikum fram sem reikningsstofnun gagnvart viðskiptavinum í skilningi þeirra laga.

- 3.16. Í þeim tilvikum þar sem fjármálagerningur fer í vörslu þriðja aðila í kjölfar kaupa, hvort sem hann er rafrænn eða á pappírformi, skal viðskiptavinur sjálfur gefa slíkum aðila fyrirmæli og skal viðskiptavinur þá sjálfur bera ábyrgð á yfirfærslu réttinda.

Sala viðskiptavina á fjármálagerningum:

- 3.17. Með samþykki skilmála þessara veitir viðskiptavinur Fossum umboð til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að framselja fjármálagerninga í sínu nafni, sem tilgreindir eru í viðskiptafyrirmælum viðskiptavinar, í samræmi við ákvæði laga og reglna um skráningu og framsal verðbréfa og annarra fjármálagerninga þannig eigi sé þörf á atbeina viðskiptavinar. Neiti viðskiptavinur um slíka ráðstöfun er Fossum heimilt að leita til sýslumanns eða héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptavinur sinnir ekki.
- 3.18. Óski viðskiptavinur eftir sölu á fjármálagerningi sem er í vörslum viðskiptavinar sjálfs eða þriðja manns er viðskiptavinum skylt að tryggja að umræddur fjármálagerningur berist Fossum til vörslu eins fljótt og auðið er en í öllu falli áður en viðskipti skulu gerð upp. Fjármálagerningur telst afhentur Fossum þegar hann er aðgengilegur félaginu til ráðstöfunar. Fossar eiga rétt á staðfestingu þess efnis að viðskiptavinur sé eigandi eða geti afhent umræddan fjármálagerning.
- 3.19. Í þeim tilvikum þar sem Fossar hafa ekki fengið nauðsynlegan ráðstöfunarrétt yfir fjármálagerningi þegar uppgjör á að fara fram skulu Fossar hafa fullt og ótakmarkað umboð til að kaupa fjármálagerning á markaðskjörum eða taka að láni viðeigandi fjármálagerning á markaðskjörum í því skyni að annast viðskipti og gera þau upp við kaupanda fjármálagernings, í samræmi við upphafleg fyrirmæli frá viðskiptavinum. Viðskiptavinur ábyrgist að framangreindar ráðstafanir séu algjörlega skaðlausar fyrir Fossa og að hann greiði allan kostnað, þóknanir og útgjöld tengd slíkum viðskiptum. Fossum er heimilt en aldrei skylt að grípa til ráðstafana samkvæmt þessari málsgrein.
- 3.20. Viðskiptavinur skal bæta Fossum það tjón sem hlýst af töfum vegna afhendingar fjármálagerninga, þar á meðal vegna sekta sem viðkomandi viðskiptavettvangur, opinber aðili eða annar þriðji aðili kann að leggja á Fossa eða vegna krafna annarra aðila sem kunna að eiga bótarétt á hendur Fossum í kjölfar vanefnda viðskiptavinar á skyldum sínum.

Afturköllun fyrirmæla um viðskipti, óskýr fyrirmæli og viðskipti sem falla niður:

- 3.21. Viðskiptavinur veitir Fossum ótakmarkaða heimild til að ákveða að eigin mati, án samráðs við viðskiptavin og án nokkurrar ábyrgðar af hálfu Fossa, að fara ekki að eða hætta við að fara að viðskiptafyrirmælum:
- 3.21.1. ef slík fyrirmæli eru felld niður eða stöðvuð af viðkomandi markaði (kauphöll, skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga); eða
- 3.21.2. ef sýnt þykir að tilboði er ætlað að hafa óeðlileg áhrif á verðmyndun í viðskiptakerfi viðkomandi kauphallar, tilboðið hefur engan viðskiptalegan tilgang eða því er ætlað að tefja eða koma í veg fyrir aðgang annarra aðila að viðskiptakerfinu; eða
- 3.21.3. ef Fossar telja, að eigin mati, að fyrirmæli um viðskipti séu óskýr, ófullnægjandi, varhugaverð, stangist á við önnur fyrirmæli eða séu bersýnilega röng vegna

- 3.21.4. villu/mistaka af hálfu Fossa, viðskiptavinar eða mótaðila í viðskiptum; eða ef tæknilegar truflanir í viðskipta- og/eða uppgjörskerfum geta að mati Fossa komið í veg fyrir að viðskiptin fari eðlilega fram; eða
- 3.21.5. ef viðskiptavinur brýtur gegn lögum eða reglum viðkomandi markaðar; eða
- 3.21.6. ef markaðsaðstæður breytast frá þeim tíma er viðskiptavinur sendir eða gefur fyrirmæli um viðskipti og ekki er hægt að verða við þeim.
- 3.22. Beiðni um viðskipti eða önnur fyrirmæli viðskiptavinar til Fossa eru á ábyrgð viðskiptavinar. Ef beiðni um viðskipti er gefin munnlega, s.s. í síma, hefur viðskiptavinur sönnunarbyrði fyrir því að beiðni hafi verið send, að starfsfólk Fossa hafi farið út fyrir fyrirmælin eða tekið ákvarðanir sem ekki hafi verið gefin munnleg fyrirmæli um.
- 3.23. Verði viðskiptavinur þess var að hann hafi gefið fyrirmæli, sem eru röng eða ófullkomin eða ekki í samræmi við ætlun hans, skuldbindur viðskiptavinur sig til að tilkynna Fossum það þegar í stað og veitir viðskiptavinur þá félaginu fullt umboð og sjálfðæmi til að meta hvort mögulegt sé að afturkalla fyrirmæli um viðskipti á viðkomandi markaði eða viðskiptavettvangi.
- 3.24. Viðskiptavinur ber alla ábyrgð og áhættu á því að viðskiptafyrirmæli berist Fossum með fullnægjandi hætti. Séu fyrirmæli viðskiptavinar óskýr eða ófullnægjandi áskilja Fossar sér fullan rétt, án nokkurrar bótaábyrgðar, til að neita að annast viðskiptin uns viðskiptavinur hefur lagfært fyrirmælin, gefið á þeim skýringar eða breytt þeim á þann hátt að Fossar telji þau fullnægjandi eða fara að fyrirmælunum eins og Fossar telja að skilja beri þau í góðri trú. Viðskiptavinur samþykkir að taka fulla ábyrgð á öllu tjóni sem Fossar kunna að verða fyrir vegna viðleitni til að fara að fyrirmælum af ofangreindu tagi.

4. Varðveisla fjármálagerninga, fjármuna viðskiptavina og safnskráning

- 4.1. Við yfirfærslu eigna til Fossa eða við stofnun viðskipta við Fossa er vörslureikningur opnaður í nafni viðskiptavinar á grundvelli þessara skilmála og samnings um vörslureikning, nema samkomulag sé um annað. Fossar, eða félag sem Fossar útvista vörsluþjónustu til, munu gegna hlutverki vörsluaðila í samræmi við ákvæði þessara skilmála og samnings um vörslureikning. Fossar skulu tryggja að eignir viðskiptavinar séu aðgreindar frá eignum Fossa og tryggja, eftir bestu getu, að þeim sé haldið frá kröfuhöfum Fossa.
- 4.2. Um vörslu Fossa á fjármálagerningum viðskiptavinar gilda ákvæði þessara skilmála og samnings um vörslureikning milli viðskiptavinar og Fossa.
- 4.3. Viðskiptavinur samþykkir að Fossum sé heimilt að nota þjónustu og varðveita fjármálagerninga og fjármuni viðskiptavinar hjá þriðja aðila, s.s. öðru fjármálafyrirtæki eða uppgjörsaðila, enda séu eignir viðskiptavinar varðveittar á sérstökum reikningi Fossa sem stofnaður er fyrir hönd viðskiptavinar eða á safnreikningi Fossa hjá þriðja aðila. Um ábyrgð Fossa vegna aðgerða eða aðgerðarleysis þriðja aðila fer samkvæmt viðeigandi gildandi lögum, reglum og reglugerðum.
- 4.4. Viðskiptavinur staðfestir og samþykkir að Fossum sé heimilt að varðveita fjármálagerninga viðskiptavinar á sameiginlegum reikningi í nafni Fossa hjá þriðja aðila, að fullnægðum skilyrðum safnskráningar, sbr. 42. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga og reglugerðar sem sett er á grundvelli laganna. Þá staðfestir viðskiptavinur að honum er ljóst að Fossum er skylt að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar samkvæmt reglugerð um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi. Safnskráning felur í sér þá þjónustu Fossa að halda utan um eignir viðskiptavina sinna á eigin reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina frá einstökum útgefendum fjármálagerninga. Helstu réttaráhrif safnskráningar eru:

- 4.4.1. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða farið sé fram á greiðslustöðvun, slit fyrirtækisins eða sambærilegar ráðstafanir getur viðskiptavinur á grundvelli þeirrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald viðskiptavinarins. Ágreiningur um eignarhald getur hins vegar orðið til þess að réttindi tapast.
 - 4.4.2. Fjármálagerningar sem skráðir eru á safnreikningi njóta ekki atkvæðisréttar á hluthafafundum.
 - 4.4.3. Viðskiptavinur verður ekki skráður í hluthafaskrá viðkomandi félags. Arður eða önnur réttindi sem koma frá félaginu fara inn á safnreikning Fossa og eru síðan skráð sem eign viðskiptavinar samkvæmt safnskrá Fossa.
 - 4.4.4. Eignarhlutur í safnskráningu lýtur að öðru leyti sömu réttindum og skyldum og almennt gilda, svo sem varðandi flöggunarskyldu.
- 4.5. Viðskiptavinir Fossa kunna að óska eftir viðskiptum með fjármálagerninga sem skráðir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum kunna eignir viðskiptavinar, hvort heldur sem eru á eigin reikningi viðskiptavinar eða safnreikningi Fossa, að falla undir löggjöf sem er utan lögsagnarumdæmis Evrópska efnahagssvæðisins sem getur leitt til annarrar réttarstöðu viðskiptavinar.
- 4.6. Fossum er heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslu af vörslureikningi hans ef viðskiptavinur skuldar gjöld eða þóknanir vegna veittrar þjónustu eða ef sýnt þykir að Fossar kunni að eiga skuldajöfnunarrétt við innstæðu viðskiptavinar. Þá er Fossum heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslu af vörslureikningi ef grunur leikur á um misnotkun reikningsins eða sýnt þykir að viðskiptavinur kunni að vera ógreiðslufær ef greiðslan er framkvæmd. Fossar tilkynna viðskiptavini svo fljótt sem verða má um slíka synjun.

5. Haldsréttur

- 5.1. Fossar hafa haldsrétt í þeim fjármálagerningum sem eru á vörslureikningi viðskiptavinar fyrir öllum greiðslum sem Fossar kunna að eiga rétt á frá viðskiptavini og eru gjaldfallnar.

6. Skuldfærsla reikninga og gjaldtaka

- 6.1. Ef krafa er ekki gerð upp á gjalddaga, eða eftir atvikum á gjaldfellingardegi, er Fossum heimilt að skuldfæra reikning viðskiptavinar hjá Fossum í þeim gjaldmiðli sem krafan er í og gera þannig upphaflegu kröfuna upp. Gjalddagi ákvarðast ýmist samkvæmt samningi eða uppgjörsvenju. Hið sama gildir um reikninga viðskiptavinar sem Fossar hafa stofnað hjá þriðja aðila vegna fjárfestingarþjónustu viðskiptavinar.
- 6.2. Fossar áskilja sér þóknanir og gjöld fyrir veitta þjónustu í samræmi við verðskrá Fossa eins og hún er á hverjum tíma. Fossar áskilja sér rétt til að birta viðskiptavini nýjar upplýsingar um þóknanir og gjöld á heimasíðu sinni. Gjöld og þóknanir skal greiða þegar þess er krafist og telst sá dagur gjalddagi sé ekki um annað samið. Með staðfestingu á skilmálum þessum fellst viðskiptavinur á slíka gjaldtöku og heimilar jafnframt að reikningur hans sé skuldfærður vegna þeirra.
- 6.3. Á grundvelli haldsréttar síns í eignasafni viðskiptavinar geta Fossar selt einstaka fjármálagerninga viðskiptavinar á markaði, beitt skuldajöfnuði og ráðstafað söluandvirðinu til greiðslu þóknunar og annars kostnaðar.
- 6.4. Viðskiptavinur skal greiða öll opinber gjöld eða skatta sem lögð kunna að vera á samninginn eða

greiðslur samkvæmt honum, Fossum að skaðlausu. Ef erlend bréf bera stimpilgjald bætist það á upphafspóknun viðskiptavinar.

7. Samruni félaga, breyting á tilgangi o.fl.

- 7.1. Ef viðskiptavinur er lögaðili og taki hann ákvörðun um að sameinast öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í fleiri sjálfstæð félög, breyta starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félags í samþykktum þess, eða verði veruleg breyting á eignaraðild í félaginu (viðskiptavinarins), er Fossum heimilt að segja upp öllum viðskiptasamningum sem eru í gildi milli aðila, telji Fossar að slíkar breytingar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll/fjárhagsstöðu félagsins/viðskiptavinar eða getu þess/hans til að standa við skuldbindingar sínar.
- 7.2. Viðskiptavinur skal tilkynna Fossum án tafar um slíka ákvörðun. Uppsagnarfrestur skal vera fimmtán (15) dagar frá því að Fossar tilkynna viðskiptavini um ákvörðun sína um að segja viðskiptunum upp. Allir samningar skulu þá falla í gjalddaga strax að liðnum uppsagnarfresti og skal fjárhagslegt uppgjör fara fram þá þegar.

8. Tryggingar

- 8.1. Viðskiptavinur kann að vera krafinn um tryggingar sem Fossar meta fullnægjandi til tryggingar skilvísam og skaðlausum greiðslum, hvort sem er vegna einstakra viðskipta, samninga eða allsherjartryggingu.
- 8.2. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að undirrita öll skjöl sem nauðsynleg kunna að vera í tengslum við tryggingartöku.
- 8.3. Hverjar þær eignir sem viðskiptavinur afhendir Fossum standa til tryggingar öllum skuldum og öðrum fjárskuldbindingum viðskiptavinar, nú eða síðar, við Fossa, í hvaða formi eða gjaldmiðli sem skuldbindingarnar eru eða verða á hverjum tíma, allt að vali Fossa, og hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur, tap, gengismun, dráttarvexti, innheimtukostnað eða annan kostnað, hverju nafni sem nefnist.
- 8.4. Fossar leggja mat á verðmæti trygginga og hvort þær teljist fullnægjandi. Skal mat Fossa talið gilda enda sé ekki um annað samið sérstaklega. Við mat á tryggingum taka Fossar m.a. mið af markaðsverðmæti viðkomandi eigna og er endurmetið reglulega. Þar sem markaðsverðmæti trygginga getur tekið fyrirvaralausum breytingum, einkum ef tryggingar hafa verið settar í formi fjármálagerninga, er viðskiptavini ljóst að endurmat getur leitt til þess að krafist verði viðbótartrygginga.
- 8.5. Leggi viðskiptavinur fram innstæðu á bankareikningi sem tryggingu skal reikningurinn handveðsettur Fossum sérstaklega. Leggi viðskiptavinur fram eign á vörslureikningi sem tryggingu skal reikningurinn vera hjá Fossum nema samið sé um annað sérstaklega. Tryggingar viðskiptavinar sem lagðar eru fram í formi rafbréfa skulu veðsettar á VS-reikningi viðskiptavinar sem tengdur er vörslureikningi hans hjá Fossum. Leggi viðskiptavinur fram fjármálagerning á pappírformi sem tryggingu skulu fjármálagerningarnir vera í vörslu Fossa. Verði slíkur gerningur (á pappírformi) síðar skráður rafrænni eignarskráningu felst í staðfestingu viðskiptavinar á skilmálum þessum umboð til handa Fossum til þess að stofna VS-reikning í nafni viðskiptavinar, færa bréfin á hann og skrá þau veðsett Fossum.
- 8.6. Ef samningur kveður á um að tryggingarverðmæti skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki, hvort heldur sem miðað er við verðmæti veðsins (t.d. handveðs) eða verðmæti þeirra samninga sem

þeim er ætlað að tryggja (t.d. afleiðusamninga), og lækki verðmæti trygginga niður fyrir hið tilgreinda lágmark, skal viðskiptavinur leggja fram viðbótartryggingar þannig að umsömdu lágmarki verði náð.

- 8.7. Kveði samningur ekki sérstaklega á um að tryggingarverðmæti skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki er Fossum hvenær sem er heimilt að krefja viðskiptavin um frekari tryggingar. Setji Fossar fram kröfu um tryggingar eða viðbótartryggingar skal viðskiptavinur verða við kröfu Fossa innan tveggja (2) bankadaga frá því Fossar hafa sett fram slíka kröfu. Breytingar á markaðsaðstæðum kunna á hinn bóginn að krefjast þess að skemmri frestur sé veittur og er Fossum því heimilt við slíkar aðstæður að setja skemmri frest, jafnvel krefjast trygginga samdægurs, eða stytta áður veittan frest.
- 8.8. Viðskiptavini er óheimilt að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti þeim tryggingum sem hann hefur veitt Fossum án fyrirfram samþykkis Fossa.
- 8.9. Kröfur um tryggingar eða viðbótartryggingar geta Fossar sett fram skriflega, í síma eða tölvupósti. Tilkynning þess efnis skal talin send á réttan stað hafi hún verið send á tölvupóstfang sem viðskiptavinur hefur gefið upp, nema Fossum sé greinilega ljóst að tilkynningin hefur ekki skilað sér. Tilkynning í síma telst tilkynnt þegar hún er komin til vitundar viðskiptavinar.

9. Skuldajöfnun (nettun) samninga

9.1. Um skuldajöfnun gildir eftirfarandi:

- 9.1.1. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi í sömu greiðslu, á sama degi, t.d. sömu mynt eða sömu tegund fjármálagerninga, er Fossum heimilt, en ekki skylt, að skuldajafna þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er.
- 9.1.2. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi sama dag en ekki í sömu greiðslu er Fossum engu að síður heimilt, en ekki skylt, að krefjast skuldajöfnunar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt eða að sömu tegund geta Fossar umreiknað greiðsluna í krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajöfnunar kemur.
- 9.1.3. Ef skuldbindingar viðskiptavinar samkvæmt samningi sem fellur undir skilmála þessa eru gjaldfelldar geta Fossar skuldajafnað öllum kröfum sínum á hendur viðskiptavini gagnvart sérhverjum kröfum viðskiptavinar vegna viðskiptasambands aðila. Skal þá gera upp hagnað og/eða tap aðila vegna viðskipta aðila í einu lagi og eingöngu mismunur koma til greiðslu, ef einhver er.
- 9.1.4. Hafi tiltekinn fjöldi viðskipta eða viðskipti með óskylda fjármálagerninga fyrir viðskiptavin sama uppgjörsdag, áskilja Fossar sér rétt til að skuldajafna kaup- og sölufjárhæðir viðkomandi fjármálagerninga á uppgjörssdegi og greiða viðskiptavini mismun eða krefja viðskiptavin um mismun.

9.2. Um uppgjör samkvæmt þessari grein, þ.e. mat á verðmæti fjármálagerninga og umreikning, fer samkvæmt 12. gr.

9.3. Með samþykki skilmála þessara samþykkir viðskiptavinur að kominn sé á skriflegur samningur við Fossa í samræmi við 6. þátt laga um markaði fyrir fjármálagerninga um að skyldur viðskiptavinar og Fossa samkvæmt samningum um afleiður, sbr. 112. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, skuli jafnast hver á móti annarri með skuldajöfnun, við endurnýjun, vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti og að samningurinn skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

10. Vanefndir og gjaldfellingar- og fullnustuheimildir

- 10.1. Vanefni viðskiptavinur skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum, viðskiptum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptavinur tvo (2) bankadaga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem vanefnd varð.
- 10.2. Vanefni viðskiptavinur skuldbindingar sínar verulega samkvæmt samningsskilmálum þessum, viðskiptum eða samningum gerðum á grundvelli þeirra að mati Fossa er Fossum heimilt, en ekki skylt, að selja fjármálagerninga í heild eða hluta, gjaldfella samninga aðila í heild eða hluta eða loka þeim fyrirvaralaust. Með gjaldfellingu er átt við að lokadagur samnings er færður fram á gjaldfellingardag. Lokun með mótstæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáhættu skal fara fram á eðlilegu gengi miðað við markaðsgengi, markaðsvexti og kjör viðskiptavinar á þeim tíma. Við útreikning á hagnaði/tapi er tekið mið af markaðsaðstæðum á gjaldfellingardegi.
- 10.3. Neðangreind tilvik, án þess að um tæmandi talningu sé að ræða, skulu ávallt skoðast sem veruleg vanefnd á skyldum viðskiptavinar í framangreindum skilningi:
 - 10.3.1. Ef viðskiptavinur hefur ekki bætt úr vanefnd innan tveggja (2) bankadaga, sbr. 10.1. gr.
 - 10.3.2. Ef viðskiptavinur er í vanskilum við Fossa með aðrar skuldbindingar en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan tveggja (2) bankadaga frá því að vanskil hófust eða er ítrekað í vanskilum við Fossa.
 - 10.3.3. Ef viðskiptavinur sendir Fossum ekki staðfestingu á viðskiptum innan 7 daga frá dagsetningu hans eða fyrir gjalddaga ef hann er innan þeirra tímamarka.
 - 10.3.4. Ef viðskiptavinur leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar eða viðbótartryggingar innan tilskilins frests, sbr. 8. gr.
 - 10.3.5. Ef viðskiptavinur er dæmdur til greiðslu peningaskuldar sem færð er í vanskilaskrá, gert er fjárnám hjá viðskiptavini, hann óskar eftir greiðslustöðvun, nauðasamningi eða samningum við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda í heild eða að hluta, lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptavinar, lánveitandi bregst við greiðsluvanda viðskiptavinar með því að veita skuldbreytingalán, fresta greiðslum á lánum eða lengja lánstíma eða fjárhag viðskiptavinar er þannig háttað að verulegar líkur eru á því að hann muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða önnur atvik svipuð eða sambærileg þeim sem að framan greinir eiga sér stað.
 - 10.3.6. Ef viðskiptavinur vanrækir upplýsingaskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
 - 10.3.7. Inni viðskiptavinur ekki greiðsluskyldu sína af hendi á uppgjörssdegi samnings eða fjármálagernings.
 - 10.3.8. Viðskiptavinur sannar ekki á sér deili með því að leggja fram þau skjöl og skilríki sem nauðsynleg eru, sbr. lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 10.4. Fossar tilkynna viðskiptavini um það þegar skuldbinding hans hefur verið gjaldfelld eða samningi/samningum lokað vegna verulegra vanefnda. Slík tilkynning skal send í samræmi við grein 12.3. gr.
- 10.5. Komi til skuldajöfnunar, gjaldfellingar eða lokunar samnings/samninga annast Fossar útreikning á hagnaði/tapi viðskiptavinar af viðeigandi samningi/samningum sem og á markaðsverðmæti trygginga, sbr. 10.6. gr. Fossar skulu senda viðskiptavini þann útreikning í samræmi við grein

12.3.

- 10.6. Séu skuldbindingar viðskiptavinar gjaldfelldar hafa Fossar fulla heimild til, án frekari fyrirvara, að leita fullnustu fyrir öllum kröfum sínum, á hvern þann hátt sem félagið kýs, m.a. að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptavinur hefur sett (m.a. á grundvelli haldsréttar samkvæmt grein 5). Er Fossum í sjálfsvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem settar hafa verið eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert. Þannig er Fossum m.a. heimilt:
- 10.6.1. að ganga að veðsettu reiðufé,
 - 10.6.2. að láta selja hið veðsetta nauðungarsölu til fullnustu á skuldinni án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 6. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu, að því marki sem þörf er á til að Fossar fái fullnaðargreiðslu eða
 - 10.6.3. að selja á markaði eða taka til sín hluti að eigin vali að því marki sem þörf er á til fullnustu á kröfum Fossa. Skal verð þeirra þá miðað við markaðsverð hlutanna á þeim degi er Fossar ákveða að nýta sér heimildina. Við mat á markaðsverðmæti fjármálagerninga sem skráðir eru í kauphöll skal miðað við lokaverð í viðkomandi kauphöll daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndum þann dag verið óeðlileg að mati Fossa er heimilt að miða verðmatið við lokaverð fleiri bankadaga og taka tillit til veltu bréfanna einstaka daga. Við mat á markaðsverðmæti óskráðra bréfa skulu Fossar framkvæma verðmat og taka mið af því verði sem leiðandi fjármálafyrirtæki, sem eiga viðskipti við Fossa með viðkomandi bréf, greiða fyrir þau.
- 10.7. Komi til þess að viðskiptavinur vanefni skyldur sínar við Fossa verulega samþykkir viðskiptavinur að Fossar hafi fullt og ótakmarkað umboð til að framselja fjármálagerninga viðskiptavinar, kvitta fyrir allar greiðslur og framkvæma allt það sem með þarf og Fossar álíta sér hagkvæmt. Verði þörf á frekari atbeina viðskiptavinar til að aðilaskipti að fjármálagerningum geti farið fram, t.d. með afhendingu hvers konar nauðsynlegra gagna, skuldbindur viðskiptavinur sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni og sinni viðskiptavinur því ekki, er Fossum heimilt að leita aðstoðar sýslumanns og dómstóla til að láta framkvæma það, sem viðskiptavinur sinnir ekki.
- 10.8. Fossum er heimilt en ekki skylt að umreikna kröfur í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11.00 á uppgjörsdegi.
- 10.9. Viðskiptavinur skal greiða dráttarvexti af kröfu Fossa frá og með gjaldfellingardegi í samræmi við neðangreint:
- 10.9.1. Fjárhæð gjaldfelldrar eða gjaldfallinnar kröfu skal bera dráttarvexti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga til greiðsludags. Gildir einu hvort fjárhæð kröfu er í íslenskum krónum, erlendum myntum eða Fossar hafa ákveðið að umbreyta fjárhæðinni yfir í íslenskar krónur. Hafi sérstaklega verið samið um dráttarvexti í samningi um viðskipti skulu ákvæði þess samnings ganga frammar framangreindu. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.
- 10.10. Komi til vanefnda af hálfu viðskiptavinar á skyldum hans, skuldbindur viðskiptavinur sig til þess að greiða Fossum auk vaxta og/eða dráttarvaxta allan kostnað sem Fossar leggja út fyrir vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannsþóknunar eða öðru er Fossum ber að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum, auk kostnaðar samkvæmt gjaldskrá.

10.11. Í þeim tilfellum þar sem framangreindar ráðstafanir duga ekki til að greiða allar kröfur Fossa gagnvart viðskiptavini, skuldbindur viðskiptavinur sig til að greiða að fullu allan mismun þeirra krafna sem ógreiddar eru.

11. Ábyrgð á samningum, skaðleysisyfirlýsing, force majeure

- 11.1. Með samþykki sínu lýsir viðskiptavinur því yfir að honum er ljóst að þau viðskipti sem hann kann að eiga við Fossa og sem falla undir skilmála þessa geta verið sérstaklega áhættusöm. Ber viðskiptavini því að afla sér ráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga telji hann hennar þörf. Óski viðskiptavinur eftir álit starfsmanna Fossa og láti þeir álit í té á grundvelli slíkrar óskar, er áréttað að það álit sem starfsmenn kunna að láta honum í té á grundvelli slíkrar beiðni er eingöngu skoðun viðkomandi starfsmanns á þeim tíma og getur breyst án fyrirvara.
- 11.2. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir að í viðskiptum Fossa sem falla undir skilmálana felst hvorki viðskiptavakt né eignastýring fyrir viðskiptavin. Af því leiðir að Fossar ábyrgjast ekki tilkynningar til viðskiptavinar um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk, nema samið sé sérstaklega um slíkt með þeim sérstöku og almennu fyrirvörum sem kunna að gilda hverju sinni. Það er því alfarið á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við Fossa.
- 11.3. Fossar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi viðskiptavinar vegna breytinga á gengisþróun í kjölfar gjaldfellingar, t.d. ef viðskiptavinur hefði hagnast á gengisþróun ef ekki hefði komið til gjaldfellingar.
- 11.4. Þar sem markaðsaðstæður geta breyst hratt á skömmum tíma geta Fossar ekki ábyrgst að unnt sé að afgreiða fyrirsmáli viðskiptavinar um gerð samnings eða viðskipta á umbeðnu gengi. Fossar bera ekki ábyrgð á því tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir við það að beiðni um gerð samnings eða einstök viðskipti séu afgreidd á óhagstæðara gengi en fyrirsmáli gerðu ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða beiðnina.
- 11.5. Fossar bera ekki ábyrgð á því ef viðskiptavinur vanefnir skyldur sínar gagnvart Fossum og Fossar ganga þar af leiðandi að tryggingum eða beita þeim ákvæðum sem eru félaginu heimil og tryggingar eru seldar eða gengið að þeim að öðru leyti á lægra verði eða gengi en viðskiptavinur kann að hafa gert ráð fyrir.
- 11.6. Fossar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptavinur kann að verða fyrir ef skattur sem taka á af viðskiptavini er ekki tekinn eða ranglega tekinn. Verði lagður skattur og/eða opinber gjöld á samning eða einstök viðskipti sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptavinur greiða þau viðbótargjöld.
- 11.7. Fossar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptavinur kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði Fossa eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkerfi, síma, telexi, símbréfi(faxi) eða tölvupósti. Þá eru Fossar ekki ábyrgir fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila.
- 11.8. Fossar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (e. force majeure), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamförum, verkfalli, verkbanni, lokunum landamæra eða viðskipta- eða hafnbanni.
- 11.9. Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum Fossa vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórnvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa eða

annarra atriða sem talin verða falla undir force majeure tilvik þannig að Fossum verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnunar á viðskiptum með fjármálagerningum eða samningum, sem undir skilmála þessa falla, á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við samningsgerð, geta Fossar, að undangenginni tilkynningu til viðskiptavinar gjaldfelld eftirstöðvar lána eða fært lokadag samnings fram með sjö daga fyrirvara. Sama gildir verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum.

11.10. Fossar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af atburðum sem eru stjórnmalalegs, félagslegs, fjármalalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu er Fossar veita, jafnvel þó að slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.

11.11. Fossar bera hvorki ábyrgð á að fjármálagerningur beri þá ávöxtun sem Fossar eða viðskiptavinur hefur væntingar um, né heldur að þróun gjaldmiðla verði með þeim hætti er aðilar kunna að gera sér vonir um. Þá bera Fossar ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að kaupa eða selja fjármálagerninga þá eða gjaldeyri er viðskiptavinur hefur óskað kaupa eða sölu á, á því verðbili er viðskiptavinur hefur óskað eftir.

12. Viðskiptayfirlit og upplýsingagjöf

12.1. Fossar skulu hlutast til um að viðskiptavinum sé send viðskiptayfirlit að minnsta kosti ársfjórðungslega, nema lög eða reglur kveði á um frekari upplýsingagjöf. Viðskiptavinir geta fengið slík yfirlit send oftár gegn gjaldi. Fossar senda slíka tilkynningu á varanlegum miðli, nema óskað sé eftir að fá hana senda með bréfpósti. Hafi viðskiptavinur ekki gert skriflegar athugasemdir við viðskiptanótu eða yfirlit innan tveggja (2) daga frá dagsetningu þeirra líta Fossar svo á að þau hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning send þess efnis.

12.2. Fossar munu árlega hafa tiltækt og senda viðskiptavini samandregið yfirlit með upplýsingum um allan kostnað og gjöld, þ.m.t. í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjármálagerninga, sem er ekki tilkominn vegna undirliggjandi markaðsáætlu.

12.3. Komi til gjaldfellingar samnings, eða viðskiptavinur vanefnir greiðslu á gjalddaga, skulu Fossar senda viðskiptavini tilkynningu um útreikning félagsins á greiðsluskyldunni og eftir atvikum verðmæti trygginga sem gengið hefur verið að. Tilkynningin skal send innan tuttugu og eins (21) dags frá gjalddaga, gjaldfellingu eða þeim degi sem gengið var að tryggingu.

12.4. Viðskiptavini er skylt að tilkynna Fossum þegar í stað um allt það er kann að hafa áhrif á viðskiptasamband aðila, þ. á m. um allar fyrirliggjandi eða fyrirsjáanlegar vanefndir eða öll atvik er leitt gætu til vanefnda, hvort sem er samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum skilmálum eða samningum milli aðila. Þá er viðskiptavini skylt að tilkynna Fossum ef hann er eða verður innherji í félagi sem skráð er á markaði eða ef aðrar sambærilegar ástæður takmarka heimild viðskiptavinar til að eiga viðskipti með ákveðna fjármálagerninga.

12.5. Viðskiptavinur lýsir því yfir með sérhverjum beiðnum er varða erlenda fjármálagerninga að allir erlendir fjármálagerningar sem hann, eða aðrir í hans umboði, kann að eiga viðskipti með fyrir milligöngu Fossa tilheyra honum persónulega og að hann teljist raunverulegur eigandi þeirra (e. beneficial owner).

12.6. Við andlát viðskiptavinar eða slit, sé hann lögaðili, skal gera Fossum viðvart og skal þar til bær aðili upplýsa Fossa um ráðstöfun réttinda og skyldna viðskiptavinar. Hafi Fossar ekki fengið upplýsingar frá slíkum aðila innan fimm (5) bankadaga frá andláti eða sliti viðskiptavinar skulu

áður gefnar upplýsingar, t.d. um heimildir til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar, teljast réttar auk þess sem Fossum er þá heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella og/eða loka samningi/samningum viðskiptavinar við Fossa. Bera Fossar enga ábyrgð á tjóni sem kanna að verða vegna þessa. Fossar áskilja sér jafnframt rétt til að neita að fylgja fyrirmælum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi réttindi og skyldur viðskiptavinar eftir andlát eða slit hans og bera Fossar enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af því.

- 12.7. Með staðfestingu þessara skilmála lýsir viðskiptavinur því yfir að Fossum er heimilt að eiga öll samskipti við viðskiptavin skriflega, í síma, tölvupósti, í gegnum rafræn samskiptaforrit á borð við Teams, í gegnum aðgangsstýrða þjónustusíðu viðskiptavinar á heimasíðu Fossa eða í gegnum heimasíðu Fossa. Viðskiptavinur samþykkir áhættuna sem felst í rafrænu samskiptaformi m.a. hættuna á því að tölvupóstur komist ekki til skila á réttum tíma og mögulega hættu á því að trúnaði verði stefnt í hættu með slíku samskiptaformi. Samskipti skulu talin hafa átt sér stað hafi beiðni um að framkvæma tiltekin viðskipti borist í gegnum tölvupóstfang sem viðskiptavinur hefur gefið upp, nema Fossum sé greinilega ljóst að upplýsingar hafi ekki skilað sér, t.d. með svarpósti þess efnis að netfang sé ekki lengur virkt. Viðskiptavinur samþykkir með staðfestingu skilmála þessa að uppgengið tölvupóstfang er tölvupóstfang viðskiptavinar sem hann skoðar daglega og les tölvupósta sem þangað berast.
- 12.8. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn hans kemur ekki tölvupósti til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi. Viðskiptavinur skal tilkynna Fossum um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, síma, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum. Skrifleg beiðni telst móttækin þegar hún er lesin af starfsmanni Fossa.
- 12.9. Fossar senda viðskiptavinum frekari yfirlit og upplýsingar um veitta þjónustu eftir því sem lög mæla fyrir eða viðskiptavinur óskar eftir á varanlegum miðli.
- 12.10. Með staðfestingu sinni á skilmálum þessum lýsir viðskiptavinur því yfir að Fossum sé heimilt að miðla upplýsingum er varða viðskiptavin sérstaklega s.s. breytingum/uppfærslu á reglum um bestu framkvæmd, stefnu gegn hagsmunaárekstrum og breytingum á þessum skilmálum með tilkynningu á heimasíðu Fossa eða á varanlegum miðli. Viðskiptavinur getur fengið slík gögn með bréfpósti óski hann sérstaklega eftir því.

13. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

- 13.1. Til að uppfylla ákvæði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, ber Fossum skylda til að afla upplýsinga um viðskiptavin. Ef viðskiptavinur er einstaklingur og hefur við samþykkt skilmála þessara ekki áður stofnað til viðskipta hjá Fossum skal hann sanna á sér deili með því að fylla út og undirrita eyðublað um upphaf viðskipta og afhenda umbeðin gögn. Þá skal viðskiptavinur, ef hann er lögaðili og hefur við samþykkt skilmála þessara ekki áður stofnað til viðskipta hjá Fossum, sanna á sér deili með því að fylla út og undirrita eyðublað um upphaf viðskipta fyrir lögaðila og afhenda umbeðin gögn. Þ.m.t. upplýsingar um starfsemi og hverjir hafi heimild til að skuldbinda lögaðilann gagnvart Fossum. Þeir sem hafa heimild til að skuldbinda viðskiptavin skulu sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja.
- 13.2. Fossar áskilja sér jafnframt rétt til að krefjast frekari gagna um viðskiptavin og þá fjármuni sem hann hyggst vera með í vörslu hjá Fossum eða stunda viðskipti með við Fossa.
- 13.3. Með samþykki skilmála þessara staðfestir viðskiptavinur að þeir fjármunir sem hann afhendir Fossum eru í hans eigu. Óski hann eftir, við stofnun viðskipta eða síðar, að leggja fram fjármuni

í eigu annarra skal hann tilkynna Fossum um slíkt skriflega og geta Fossar þá krafist allra nauðsynlegra gagna í því sambandi. Hið sama gildir ef breytingar verða á þeim upplýsingum eða gögnum sem viðskiptavinur afhendir Fossum samkvæmt framanrituðu.

13.4. Að öðru leyti vísast til reglna Fossa um aðgerðir gegn peningabætti.

14. Upptaka símtala, geymsla og vistun gagna

14.1. Viðskiptavininn er kunnugt um að símtöl við Fossa og hvers konar rafræn samtöl t.a.m. á Teams eða önnur samskipti viðskiptavinnar við Fossa kunna að vera hljóðrituð og/eða skráð án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn, í samræmi við lög. Á það ávallt við um samtöl sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta fyrir eigin reikning eða móttöku, miðlunar og framkvæmdar fyrir mæla viðskiptavina. Viðskiptavinur staðfestir með samþykki skilmála þessara að honum er ótvírætt kunnugt um að slíkt kunni að vera gert. Hljóðupptökurnar og skrárnar eru eign Fossa, en félaginu kann að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda eða veita aðgang að upptökum samtala og öðrum gögnum sem varða fjárfestingarþjónustu. Upptök og önnur gögn sem varða veitingu fjárfestingarþjónustu eru varðveitt af Fossum í þann tíma sem lög kveða á um, eða allt að sjö ár, en almennt eytt að þeim tíma liðnum.

14.2. Upptaka samtala er gerð í samræmi við 48. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og 23. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Upptaka samtals og frekari úrvinnsla felur í sér vinnslu persónuupplýsinga, að því gefnu að unnt sé að persónugreina viðkomandi einstaklinga. Byggir vinnslan á lagaskyldu og fer um hana að öðru leyti eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og persónuverndarstefnu Fossa.

14.3. Með staðfestingu sinni á skilmálum þessum samþykkir viðskiptavinur að upptök kunni að vera lagðar fram í dómsmáli og/eða notaðar sem sönnunargagn í öðrum tilvikum ef upp kemur ágreiningur um hvað aðilum fór á milli, svo sem um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta. Að öðru leyti skulu Fossar fara með upptök líkt og með aðrar upplýsingar er lúta þagnarskyldu, sbr. ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

15. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

15.1. Fossum er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar um viðskiptavininn sína til að gegna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og tryggja öryggi í fjármálaþjónustu. Fossar bera almennt ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Þær upplýsingar sem um ræðir eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang og upplýsingar um einstök viðskipti viðskiptavinnar.

15.2. Með því að samþykkja skilmála þessa heimilur viðskiptavinur Fossum að vinna persónuupplýsingar um viðskiptavininn. Við vinnslu persónuupplýsinga er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn Fossa sem hann þurfa starfs síns vegna.

15.3. Viðskiptavinur á samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga rétt á vitneskju um þær persónuupplýsingar sem unnið er með eða hefur verið unnið með hjá Fossum. Einnig á hann rétt á að rangar eða villandi persónuupplýsingar séu leiðréttar eða að þeim sé eytt.

15.4. Að öðru leyti vísast til verklagsreglna Fossa um meðferð upplýsinga um viðskiptavininn.

16. Trúnaður og óhlutdrægni

16.1. Fossum ber að gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptavininn um öll viðskipti hans við Fossa og önnur atriði er varða hann og leynt á að fara samkvæmt lögum og eðli máls, nema að dómari

úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi, til lögreglu eða annarra sem kröfu gera um það.

- 16.2. Fossar kunna að vera skyldugir að lögum að birta upplýsingar um fyrirmæli viðskiptavinar, framkvæmd þeirra, tengd viðskipti eða stöðu viðskiptavinar til viðeigandi yfirvalda eða annarra aðila (í sumum tilvikum opinberlega). Með staðfestingu viðskiptavinar á skilmálum þessum samþykkir hann slíka birtingu. Sömuleiðis staðfestir viðskiptavinur og samþykkir að vera sjálfur ábyrgur fyrir að tryggja að hann fylgi öllum skyldum sem eiga við um hann samkvæmt viðeigandi lögum og reglum sem varða birtingu upplýsinga um fyrirmæli hans, framkvæmd þeirra, tengd viðskipti og stöðu viðskiptavinar. Fossar munu ekki birta þær upplýsingar um viðkomandi viðskipti sem viðskiptavini ber lögum samkvæmt að birta Samkvæmt reglum ýmissa ríkja getur Fossum verið skylt, að viðlagðri refsíabýrgð og missir atkvæðisréttar, að upplýsa um raunverulega eigendur hlutabréfa í almenningshlutafélögum hvort sem flöggunarmörkum er náð eða ekki. Óski viðskiptavinur eftir að eiga viðskipti á slíkum mörkuðum felst í slíkri beiðni jafnframt heimild til handa Fossum og vörsluaðilum hans til að upplýsa viðkomandi kauphöll eða hlutaskrá um eignarhaldið.
- 16.3. Viðskiptavini er ljóst að Fossum er skylt að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavini í starfsemi sinni lögum samkvæmt og ber ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptavinur njóti jafnræðis í viðskiptum varðandi öll atriði er máli skipta eins og fram kemur í stefnu Fossa um hagsmunaárekstra. Stefnu Fossa gegn hagsmunaárekstrum má nálgast á heimasíðu Fossa. Viðskiptavinur getur jafnframt óskað eftir að fá stefnuna senda til sín með bréfpósti.

17. Ýmis ákvæði

- 17.1. Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur við túlkun skilmála þessara eða samninga gerða á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Viðskiptavini er ljóst að honum er heimilt að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.
- 17.2. Öll samskipti milli Fossa og viðskiptavinar vegna viðskipta sem þessir skilmálar taka til, skulu fara fram á íslensku eða ensku.
- 17.3. Fossar áskilja sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert verður það tilkynnt viðskiptavini á varanlegum miðli eða með tilkynningu á heimasíðu félagsins. Viðskiptavinur getur jafnframt óskað eftir að fá slíkar breytingar sendar til sín með bréfpósti. Haldi viðskiptavinur áfram viðskiptum eftir að breyttir skilmálar hafa tekið gildi telst hann samþykkur breytingunum og gilda þá skilmálarnir svo breyttir um viðskipti viðskiptavinar og Fossa.
- 17.4. Samningsskilmálum þessum er ekki ætlað að veita viðurkenndum gagnaðilum og fagfjárfestum ríkari vernd en þeim er veitt samkvæmt lögum og reglum. Í þeim tilvikum þar sem samningsskilmálar þessir ganga lengra en sú vernd sem þess konar viðskiptavinum er veitt samkvæmt lögum og reglum, skulu ákvæði laga og reglna gilda.
- 17.5. Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli hans nema með skriflegu samþykki Fossa. Fossum er heimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í heild eða að hluta til annars fjármálafyrirtækis í skilningi laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Við þær aðstæður og í þeim tilgangi er Fossum heimilt að afhenda samning þennan og aðra samninga milli aðila og litið skal svo á að samkvæmt skilmálum þessum séu uppfyllt skilyrði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um að viðskiptavinur sé samþykkur miðlun trúnaðarupplýsinga um sig.

18. Skilgreiningar

18.1. Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í skilmálum þessum, sem og öðrum viðskiptum sem framkvæmd eru og falla undir gildissvið skilmálanna:

Bankadagur merkir virkur dagur þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi og í þeim fjármálamiðstöðvum fyrir þá fjármálagerninga sem tilgreindir eru í samningi.

Bankadagsregla skal tilgreind í samningi. Hún lýsir því hvernig samningsbundnir gjalddagar færast ef þeir lenda ekki á bankadegi fyrir viðkomandi gjaldmiðil. Bankadagsreglurnar eru sem hér segir:

- (a) Næsti bankadagur á eftir. Gjalddagi samkvæmt samningi færist yfir á þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur.
- (b) Næsti bankadagur á eftir með undantekningu. Gjalddagi samkvæmt samningi færist yfir á þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur nema sú tilfærsla hafi í för með sér að gjalddaginn flytjist yfir í næsta mánuð. Við slík skilyrði flyst gjalddaginn yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er í samningi.
- (c) Næsti bankadagur á undan. Gjalddagi samkvæmt samningi færist yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur.

Fjármálagerningur merkir:

- a. Verðbréf.
- b. Peningamarkaðsgerningar.
- c. Hlutdeildarskírteini.
- d. Afleiður.
- e. Losunarheimildir í formi eininga í skilningi laga nr. 70/2012 um loftlagsmál.

Fjárfestingaráðgjöf merkir persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinar eða þess sem þjónustuna veitir.

Samningsdagur er sá dagur þegar Fossar staðfesta þau viðskipti og þau kjör sem viðskiptavinur hefur óskað eftir.

Vaxtatímabil er sá daga- eða mánaðafjöldi sem vaxtaútreikningur er miðaður við hverju sinni. Vextir eru reiknaðir frá og með fyrsta degi hvers vaxtatímabils og fram að síðasta degi tímabilsins. Fyrsta vaxtatímabil samnings hefst á fyrsta vaxtadegi samningsins og endar á fyrsta gjalddaga vaxta. Hvert vaxtatímabil sem á eftir fer hefst á gjalddaga vaxta þess tímabils sem næst er á undan og endar á næsta gjalddaga vaxta. Síðasta vaxtatímabilið endar á lokadegi samningsins.

Gjalddagi vaxta og vaxtagreiðsla. Gjalddagi vaxta er á síðasta degi vaxtatímabils. Bankadagsreglur gilda um gjalddaga vaxta. Þetta á einnig við um gjalddaga vaxta í lok samningstíma.

Fyrsti vaxtadagur er fyrsti dagur fyrsta vaxtatímabils.

Dagareglur við útreikning vaxta (hlutfallslegur dagafjöldi): Tilgreina skal í samningi hvernig vextir skulu reiknaðir. Hægt er að beita fleiri en einni aðferð í sama samningi. Helstu

aðferðirnar eru þessar:

- (a) A/365: Fjöldi almanaksdaga á mótí 365. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 365.
- (b) A/360: Fjöldi almanaksdaga á mótí 360. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 360.
- (c) 30/360: 30 dagar á mótí 360. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda daga í hverju vaxtatímabili miðað við að hver mánuður teljist 30 dagar og deilt í þann dagafjölda með 360.
- (d) 30E/360: Evró-skuldabréfareglan. Vaxtaútreikningur byggist á því að árið sé 12 mánuðir þar sem hver er með 30 dögum, þó þannig að ef síðasti dagur vaxtatímabils fellur á síðasta dag febrúarmánaðar fær febrúar ekki 30 daga heldur hinn raunverulega dagafjölda mánaðarins. Deilt er í dagafjöldann með 360.

REIBOR: Með *REIBOR* (Reykjavík Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við meðalvexti millibankaútlána í íslenskum krónum á millibankamarkaði í Reykjavík, eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands milli kl. 11:15 og 11:30 að staðartíma dag hvern í Reykjavík.

LIBOR: Með *LIBOR* (London Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters.

Varanlegur miðill merkir tæki sem gerir viðskiptavini, eða mögulegum viðskiptavini, kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í hæfilegan tíma